



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
fir@fir.is
Sent í gegnum Samráðsgátt

Reykjavík, 14. október 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, (afnám stimpilgjaldskyldu á skjölum vegna eignayfirfærslu skipa)

Samtök iðnaðarins („samtökin“) skila umsögn um framvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 183/2013, (afnám stimpilgjaldskyldu á skjölum vegna eignayfirfærslu skipa).

Eftir gildistöku laga nr. 138/2013, eru skip yfir fimm brúttótonnum einu atvinnutækin sem enn bera stimpilgjald þegar eignayfirfærsla á sér stað, án þess að finna sérstakan rökstuðning í lögskýringargögnum laganna, og því fagna samtökin þeirri ákvörðun að afnema eigi stimpilgjaldskyldu á skjölum vegna eignayfirfærslu skipa yfir fimm brúttótonnum.

Með afnámi þessarar gjaldtöku, sem er íþyngjandi m.a. fyrir skipaframleiðendur, er dregið úr mismunun á fyrirtækjum eftir eðli starfsemi þeirra. Er umrætt frumvarp enn fremur til þess fallið að auka samkeppnishæfni íslenskra skipaframleiðenda sem eiga í harðri alþjóðlegri samkeppni. Leggja því SI til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðrún Birna Jörgensen'.

Guðrún Birna Jörgensen,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði SI